

Gróður ofan Laxárstíflu í Laxárdal
Könnun vegna fyrirhugaðrar stífluhækkunar

Hörður Kristinsson

Unnið fyrir Landsvirkjun

NÍ-03014

Akureyri, desember 2003



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS





Reykjavík ☐
Akureyri ☒

Skýrsla nr.
NÍ-03014

Dags, Mán, Ár
15. des. 2003

Dreifing

☐ Opin ☒ Lokuð til júlí '04

Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill
Gróður ofan Laxárstíflu í Laxárdal
Könnun vegna fyrirhugaðrar stífluhækkunar

Upplag
25

Fjöldi síðna
15

Höfundur
Hörður Kristinsson

Verknúmer
A 0311270

Unnið fyrir
Landsvirkjun

Samvinnuaðilar
Verkfræðistofan Hönnun

Útdráttur Könnun þessi nær yfir neðsta hluta Laxárdals í Suður-Þingeyjarsýslu, um tveggja km leið frá efstu stíflu við Laxárvirkjun upp að Neðri Langey. Bakkar Laxár voru skoðaðir báðum megin milli brekkna, svo og hólmar í Laxá á þessu svæði. Alls voru 158 tegundir plantna skráðar á rannsóknasvæðinu. Hraunmyndanir úr Laxáhrauni yngri eru þarna báðum megin árinna, og graslendi fjær ánni að brekkurótum sem eru vaxnar kjarri að austanverðu. Dýlaburkni fannst á einum stað í hrauninu vestan Laxár. Hólmar Laxár eru vaxnir mjög fjölbreyttum gróðri sem ekki hefur orðið fyrir áhrifum sauðfjárbætur. Í Helleyju fannst ferlaufungur, sem er friðaður og á válista. Vitað er um hann í tveim öðrum hólum í Laxá, og einnig finnst hann í Slútnesi og Stórugjá við Mývatn. Ýmsar aðrar fágætar plöntur eru í hólmunum sem skoðaðir voru, t.d. skrautpunktur, aronsvöndur, reyniviður og þrílaufungur. Rúmlega 100 hólmar og sker eru í Laxá frá stíflu upp í Hofstaði, og hefur gróður aðeins verið skoðaður í örfáum þeirra.

Lykilorð

Laxá, Laxárdalur, Laxárhólmar, gróður, flóra,
ferlaufungur, dýlaburkni

Yfirfarið

Kristinn J. Albertsson
Á fheiður Ingadóttir

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	3
2 FYRRI RANNSÓKNIR	3
3 GRÓÐUR MEÐ BÖKKUM LAXÁR	4
3.1 Vestan Laxár	4
3.2 Austan Laxár	5
4 GRÓÐUR Í HÓLMUM LAXÁR	6
4.1 Eiríkseyjar og Kiðlingshólmi	6
4.2 Helley og Helleyjarhólmi	6
4.3 Ytri- og Syðri Straumey	7
5 TEGUNDASAMSETNING	8
6 SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR	10
7 ÞAKKARORÐ	11
8 HEIMILDIR	11

VIÐAUKI

1. tafla. Skrá yfir blómplöntur og byrkninga á rannsóknasvæðinu	12
---	----

MYNDIR

1. mynd. Útsýn yfir fyrirhugaða stíflu og eyjarnar á lónstæðinu	3
2. mynd. Gróðurlendið austan Laxár	5
3. mynd. Séð yfir Helleyjarhólma og Helleyju	7
4. mynd. Neðsti hluti Ytri Straumeyjar	8
5. mynd. Kort yfir útbreiðslu ferlaufungs á Miðnorðurlandi	9
6. mynd. Kort yfir útbreiðslu dílaburkna á Miðnorðurlandi	10



1. mynd. Horft til suðurs yfir fyrirhugaða stíflu og lónstæði miðað við 10 metra hækkun. Eyjar í Laxá eru merktar með nöfnum samkvæmt upplýsingum frá ábúendum í Presthvammi.

Ljósmynd. Landsvirkjun.

1 INNGANGUR

Verkfræðistofan Hönnun óskaði eftir því árið 2003 að Náttúrufræðistofnun Íslands tæki að sér athuganir á gróðri á lónstæði sem yrði til við hækkun Laxárstíflu um 10 til 12 m. Vettvangskönnun var síðan gerð af Herði Kristinssyni 8. og 9. júlí 2003. Svæðið sem skoðað var, má lesa af 1. mynd. Það nær yfir um 2 km langa landræmu sitt hvorum megin Laxár frá stíflu og upp undir Langeyjar, og 7 hólma sem eru í ánni á þessari leið. Allar tegundir blómplantna og byrkninga sem fundust á svæðinu voru skráðar, og koma fram í 1. töflu í viðauka á bls. 12. Tveir neðstu hólmarirnir heita einu nafni Eiríkseyjar, og eru þeir hálfir á kafi síðan efri stífla Laxár var gerð árið 1939. Gróður var því einkum skoðaður í 5 efri hólmunum. Farið var út í tvo þeirra og allar tegundir skráðar, en hinir voru aðeins skoðaðir í sjónauka frá bökkum árinna báðum megin.

2 FYRRI RANNSÓKNIR

Fáar rannsóknir eru til á gróðri sem sérstaklega ná yfir Laxárdal og eyjarnar í Laxá. Þær einu sem beinast að því svæði sem hér er fjallað um, voru gerðar af Helga Hallgrímssyni sumarið 1972. Hann mun þá hafa skoðað gróður í neðsta hluta Laxárdals. Hann birti smágrein um þá ferð með myndum í Týli sama ár (Helgi Hallgrímsson 1972). Af þeirri umfjöllun má ráða, að

Helgi hafi skoðað gróður í tveim hólum, í Kiðlingshólma sem hann nefnir Reynihólma og í Helleyjarhólma sem hann nefnir Mjóhólma. Ber gróðri sem hann lýsir í þessum hólum vel saman við þær tegundir sem ég skráði í sömu hólum sumarið 2003.

Samkvæmt munnlegum upplýsingum frá Helga Hallgrímssyni birtust miklu ítarlegri upplýsingar um þetta svæði í skýrslu sem aðeins var jölrítuð í fáum eintökum (Helgi Hallgrímsson, Jón Ólafsson og Pétur M. Jónasson 1972). Ekki hef ég getað fundið eintak af þessari skýrslu þrátt fyrir nokkra leit, hvorki í bókasafni Náttúruverndar ríkisins né Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Helgi Jónasson frá Gvendarstöðum fór sumurin 1930 og 1931 um svæðið milli Laxár og Skjálfandafljóts allt frá sjó og inn í botn Laxárdals og Reykjadals. Efni það sem hann safnaði er aðeins að hluta til birt á prenti. Árið 1966 birtist grein um flóru og gróður í Aðaldal í tímaritinu Flóra á Akureyri (Helgi Jónasson 1966). Sú grein nær aðeins yfir norðurhluta svæðisins milli Skjálfandafljóts og Laxár inn að Brúum, og er þar ítarlegur flórulesti fyrir það svæði.

Árið 1977 birtist síðan grein um allt svæðið í Árbók Þingeyinga sem ber titilinn Gróður í Suður-Þingeyjarsýslu milli Laxár og Skjálfandafljóts (Helgi Jónasson 1977). Þar má finna almennar upplýsingar um helstu gróðurlendi á þessu svæði, en enginn flórulesti fylgir þeirri grein. Því verður að fara í ferðadagbækur Helga til að fá upplýsingar um einstakar tegundir plantna í Laxárdal, en þær eru varðveittar í handriti (Helgi Jónasson 1932). Í því kemur meðal annars fram, að dvergstör og héluvorblóm eru allvíða á hrauntröðum meðfram Laxá utan við Halldórsstaði, og haustbrúða og efjugras í Laxá og í leirvikum meðfram henni við Birningsstaði. Ekki kemur fram að Helgi Jónasson hafi skoðað gróður í neinum af hólum Laxár.

Að lokum er rétt að geta þess, að Helgi Hallgrímsson leit á gróður í Hofsstaðaey og Skipalagshólma efst í Laxárdal árið 1965, og segir frá því í ferðadagbókum hans (Helgi Hallgrímsson 1965). Þar kemur fram að í Hofsstaðaey sem lengi hefur verið nytjuð, er aðalgróður graslendi. Í Skipalagshólma var hinsvegar víðikjarr, blómstöð og hvannir, og þar fann hann nokkra breiðu af ferlaufung í víðikjarrinu.

3 GRÓÐUR MEÐ BÖKKUM LAXÁR

Það sem einkum einkennir gróður og landslag í Laxárdalnum í heild, eru menjar hraunsins sem runnið hefur niður endilangan dalinn samhliða hinni vatnsmiklu á, Laxá. Áberandi hraungarðar eru beggja megin árinna og margir hraunhólmur eru í árfarveginum. Samkvæmt örnefnalýsingum jarðanna í dalnum má ætla að hólmar og sker séu a.m.k. um 90 talsins á svæðinu frá Laxárstíflu upp í Hofsstaði. Eftir skrá sem Jón Sigurgeirsson frá Helluvaði gerði árið 1937 yfir alla hólma Laxár frá sjó og upp í Mývatn, eru þeir 105 á þessu svæði að meðtöldum Hofsstaðahólum.

Annað sem einkennir gróðurinn í ánni og á bökkum hennar er hversu næringarríkt vatn árinna er, en það ber með sér mikið af lífrænum efnum frá Mývatni. Einkennandi fyrir gróðurinn í ánni eru práðnykra, oft mjög stórvaxin, og haustbrúða sem víða vex í lygnum vikum og vogum með setbotni. Haustbrúða er sjaldgæf jurt á Íslandi, en meira er af henni við vötnin í Mývatnssveit og í Laxá en annars staðar er þekkt. Einkennandi fyrir gróður árbakkanna eru ætihvönn, hófsóley og aronsvöndur. Bakkarnir eru hvarvetna vel grónir alveg niður að vatnsborði, en það leiðir af því hversu stöðugt vatnsborð árinna er.

3.1 Vestan Laxár

Landinu sem hér er fjallað um vestan Laxár má gróflega skipta í þrennt: Hraungarðar og hraun næst ánni, graslendi fjær ánni, og misgrónar brekkur til jaðranna. Næst stíflunni eru



2. mynd. Landið austan Laxár. Hraungróður meðfram Laxá til vinstri, graslendi við brekkurætur fyrir miðju, og kjarrbrekkur hægra megin. Ljósm. Hörður Kristinsson 2003.

brattar brekkur og að hluta klettar niður að ánni, en sunnar liggja víðast hvar hraun að ánni sem sums staðar er hrjúft og sprungið en annars staðar með jafnara yfirborði. Fjær ánni er víða graslendi (grænur) undir hliðarrótunum. Brekkurnar eru að hluta grasi grónar, en að hluta skriðurunnar eða með klettabelti. Hraunið er víða með lynggróðri, einkum krækilyngi, beiti-lyngi, fjalldrapa og eini, en hábungur og toppar eru þakin grámosa (hraungambra, *Racomitrium lanuginosum*). Sprungur í hrauninu eru oft grasi grónar í botninn þar sem sauðfé kemst að, en þrengri og dýpri sprungur eru vaxnar burknum og hvönn. Með bökkum Laxár vex oftast ætihvönn og brúskar af hófsóleyjum. Þar sem hrauninu sleppir nær brekkurótunum er snarrótarpuntur víða ríkjandi og myndar þetta brúska á stórum svæðum, en sums staðar eru língresisflatir. Í dæld norðan undir Hólunum syðst í lónstæðinu er votara svæði með mýrastör, þráðsefi, tjarnastör, klófífu og engjarós. Þessi dæld er samkvæmt kortum Landsvirkjunar á milli vatnsborða 10 og 12 m stífluhækkunar.

3.2 Austan Laxár

Landið austan Laxár hefur nokkra samsvörun við ofangreinda lýsingu. Næst stíflunni eru klettur að ánni, en ofar skiptast á hraun næst ánni og graslendi meðfram brekkunum. Að auki koma brattar og vel grónar brekkur með nokkru skóglendi niður að lóninu sunnan til. Á flatlendinu meðfram ánni eru fjalldrapi og einir víða ríkjandi yfir hraunundirlagi, ásamt bláberjalyngi og aðalbláberjalyngi í lautum. Snögggrónari hraunbungur standa upp úr með beiti-lyngi, krækilyngi og bláberjalyngi ásamt grámosatoppum með hraungambra. Hraunsprungur eru flestar mótaðar af beit, með graslendi í botninn, en þrengri sprungur eru vaxnar burknum og hvönn. Nær brekkurótunum þar sem hrauninu sleppir er víðast graslendi með ríkjandi hálíngresi og snarrótarpunti, en víða eru einnig dældir þar sem finnungur ræður ríkjum. Fáeinar smálækjarsytrur falla niður á graslendið, og eru lækjarbakkarnir vaxnir ígulstör, mýrastör, fitjaskúf og á einum stað blákollu. Hinar bröttu brekkur sem liggja að svæðinu

sunnanverðu eru neðst vaxnar bláberjalyngi, eini og fjalldrapa sem skiptast á við grasbrekkur þar sem língresi er ráðandi. Um 5 metrum ofan flatlendisins tekur við skóglendi með birki, og er hálingresi ríkjandi í skógarbotninum með ofurlitlu af brennisóleyjum, blágresi og hrútaberjalyngi. Lætur nærri að fyrirhugað lón muni ná upp að skóglendinu eða í neðstu hríslurnar.

4 GRÓÐUR Í HÓLMUM LAXÁR

Gróður í hölmum Laxár er afar ólíkur því sem hér hefur verið lýst. Báðum megin Laxár er landið mótað af langvarandi beit, en þeir hólmar sem hér um ræðir virðast vera ósnortnir af sauðfjárbreit, enda er áin vatnsmikil og straumbung. Þetta kemur bæði fram í svipmóti gróðursins, og einnig í tegundasamsetningu. Sprungur í hölmunum eru hvergi með graslendi eins og í landinu báðum megin, heldur alvaxnar geithvönn, ætihvönn, tófugrasi, klóelftingu, blágresi og hrútaberjalyngi. Í Kiðlingshólma og Helley vex einnig skrautpundur og í þeirri síðar-nefndu einnig ferlaufungur. Hábunga sumra hólmanna er hraun með fjalldrapa, sortulyngi og krækilyngi og efst tróna kollar með mosapembu. Burnirót var áberandi í Kiðlingshólma. Utan með eru oft víðirunnar, bæði gulvíðir og loðvíðir ásamt ætihvönn og geithvönn með blágresi og brennisóleyjum í undirgróðri. Stakir runnar af birki eru í flestum hölmunum, og reyniviður er í Kiðlingshólma og Ytri-Straumey. Þéttar breiður af eski eru í Kiðlingshólma og Helley. Aronsvöndur var áberandi í öllum eyjunum.

Helgi Hallgrímsson skoðaði gróður í Kiðlingshólma og Helleyjarhólma árið 1972 (Helgi Hallgrímsson 1972). Í grein hans er Kiðlingshólminn nefndur Reynihólmi, og Helleyjarhólminn Mjöhólmi. Honum farast svo orð um gróður þessara tveggja hólma: „Gróður þessara hólma er óvenju ríkulegur. Þeir eru að heita má alvaxnir gulvíðikjarri, en upp úr því teygjast reyniviðarhríslur sem ná allt að 4 m hæð, en sums staðar myndar einir metershátt kjarr. Stórvaxin ætihvönn girðir bakkana, eins og þéttur garður og verður allt að mannhæð, en ofar vex geithvönn á milli runnanna og ýmsar stórvaxnar blómjurtir, svo sem blágresi, brennisóley, hófsóley, fjalldalafífill og aronsvöndur, en skrautpundurinn stingur kollinum upp úr kjarrbreiðunni, allt að tveggja m hár á stundum. Skrautpundur og aronsvöndur mega kallast einkennistegundir Laxárhólmanna, og telja má ferlaufasmárann einnig þar með, en hann fannst þó ekki í þessum tveim hölmum“.

4.1 Eiríkseyjar og Kiðlingshólmi

Eiríkseyjar eru rétt ofan núverandi Laxárstíflu. Þær eru hálfar á kafi síðan stíflan var gerð, eins og segir í örnefnalýsingu Presthvamms, og stendur aðeins kollurinn upp úr. Gróðurinn í þeim ber þess einnig merki að nokkrar sveiflur hafa verið á vatnsborði þeirra. Á athugunartíma virtist vatnsborð vera um fæti lægra en við efri flóðmörk. Í Eiríkseyjum er ætihvönn ríkjandi með blágresi og brennisóleyjum í undirgróðri.

Þeir hólmar sem ofar eru búa við stöðugra vatnsborð, og þar er nokkuð um trjágróður, einkum gulvíði, birki og reyni, sem þó er hvergi samfelldur. Næst fyrir ofan Eiríkseyjar er Kiðlingshólmi, lítill hólmi umkringdur straumköstum í ánni báðum megin. Í honum vaxa gulvíðirunnar og reyniviður ásamt ætihvönn og skrautpunti. Blágresi og brennisóleyjar eru í undirgróðri, og einnig vaxa þar bæði eski, burnirót og hrútaberjalyng.

4.2 Helley og Helleyjarhólmi

Næstir fyrir ofan eru tveir nærri samliggjandi hólmar, Helleyjarhólmi og Helley. Hægt var að vaða út í þessa hólma frá austurbakkanum. Því var hægt að skoða gróður þeirra miklu betur en í hinum hölmunum. Í Helleyjarhólma voru skráðar 69 tegundir háplantna, en í Helley sjálfri 85. Þetta eru margar tegundir og lýsa mikilli fjölbreytni í gróðri fyrir ekki stærri hólma.

Í Helleyjarhólma voru runnar af bæði birki, gulvíði og eini. Að hluta er hólminn vaxinn lyngi,



3. mynd. Helleyja með hraungróðri og sprungum á miðri mynd, en horft yfir Helleyjarhólma með runngróðri neðst. Myndin er tekin ofan af hraunbakknum austan Laxár.

Ljós. Hörður Kristinsson 2003.

bæði bláberjalyngi, aðalbláberjalyngi og sortulyngi. Ýmis konar blómjurtir vaxa í skjóli runnanna, þar á meðal geithvönn, blágresi, fjalldalafifill, klukkublóm, smjörgras, barnarót, friggjargras, hvítsmári og aronsvöndur. Í undirgróðrinum voru þrílaufungur, hrútaberjalyng, slíðrastör og reyrgresi. Á hraunklettum sem stóðu upp úr gróðrinum voru holtasóley, blóðberg og heluvorblóm. Ætihvönn og hófsóleyjar skreyttu bakkana.

Í Helley var fjölbreytnin enn meiri, enda allmiklu stærri. Í henni voru tvær djúpar hraun-sprungur eftir eynni endilangri, og einnig fyrir miðjum norðurhluta eyjarinnar. Efstu sprungurnar eru það djúpar miðað við ána, að árvatnið rennur um botn þeirra, en neðar eru sprungurnar á þurru og með fjölbreyttum gróðri. Geithvönn, ætihvönn, skrautpuntur og blágresi eru áberandi í sprungunum, en einnig leynast þar tófgras, kjarrsveifgras, aðalbláberjalyng, hrútaberjalyng, aronsvöndur og ferlaufungur. Í sprungunni vestan megin sáust aðeins þrjár plöntur af ferlaufungi með nokkru millibili, en í sprungunni með austurbakkanum var töluvert meira af honum á nokkru svæði. Að ofan á milli sprungnanna var hraunið lyngi vaxið með fjalldrapa, sortulyngi og krækilyngi og efstu kollar með mosapembu. Þéttur breiður af eski voru á milli, og gulvíðir, loðvíðir, einir og hvönn voru utan með bökkunum.

4.3 Ytri- og Syðri-Straumey

Þetta eru tvær efstu eyjarnar sem mundu fara í kaf við hækkun Laxárstíflu. Gróður í þeim var aðeins skoðaður í sjónauka frá bakka Laxár. Því er ekki til neinn tæmandi tegundalisti frá þeim, en greina mátti 30-40 tegundir í hvorum hólma frá austurbakkanum. Ytri-Straumey er með mjög fallegum gróðri þar sem ætihvönn er ríkjandi með blágresi og loðvíði. Þar sáust 3 birkihrislur og einn reyniviður, um 3 m á hæð. Einnig voru þar bæði fjalldrapi og einir ásamt aronsvendi og ýmsum öðrum blómjurtum.

Í Syðri-Straumey sáust birki og einir, en enginn reyniviður. Ætihvönn og geithvönn voru



4. mynd. Neðsti hluti Ytri Ströumeyjar með blómgróðri.


Ljós. Hörður Kristinnsson 2003.

áberandi með blágresi, hrafnaklukku, aronsvendi, jarðarberjalyngi og breiðum af reyrgresi.

5 TEGUNDASAMSETNING

Fyrsta tafla á bls. 12 sýnir allar tegundir plantna sem skráðar voru á rannsóknasvæðinu ofan Laxárstíflu. Svæðunum beggja megin Laxár er þar skipt í tvennt, neðra og efra svæði. Dálkur N næst á eftir nöfnum tegundanna sýnir mat á náttúruverndargildi tegundanna í tölum frá einum upp í tíu. Næstu tveir dálkar geyma tákn fyrir mat á það hversu algengar plönturnar eru á landsvísi og í næsta nágreinni Laxárdals. Þessi tákn eru skýrð nánar aftast í plöntuskránni. Næstu fimm dálkar sýna hvar tegundurnar koma fyrir á rannsóknasvæðinu. Dálkar 1 og 2 sýna þær tegundir sem skráðar voru vestan Laxár, dálkur 3 sýnir tegundir í hólmunum, og dálkar 4 og 5 sýna tegundir skráðar austan Laxár.

Alls voru skráðar 158 tegundir plantna á svæðinu sem skoðað var. Þar af eru 131 tegund skráð vestan Laxár, en 119 tegundir austan Laxár. Í hólum Laxár voru til samans skráðar 102 tegundir, en eins og áður kemur fram var þó ekki farið út í nema tvo hólma, en í hinum fimm voru plöntur aðeins skráðar í sjónauka frá bökkum Laxár. Þótt flatarmál þeirra hólma sem skoðaðir voru sé aðeins lítið hlutfall af heildarflatarmáli svæðisins, fundust þar þó 8 tegundir sem ekki sáust annars staðar á svæðinu: Aronsvöndur, burnirót, eski, ferlaufungur, hjónagrös, reyniviður, skrautpuntur og þrílaufungur. Tilvist flestra þeirra má að einhverju leyti rekja til beitarfriðunar hólmannna. Aronsvöndur og burnirót eru þekkt fyrir að vaxa einkum í klettum, auk þess sem aronsvöndur er mjög áberandi í eyjum Mývatns. Ferlaufungur og skrautpuntur koma einkum fyrir á beitarfriðuðum svæðum, en einnig í skóglendi og í hólum Mývatns og Laxár. Eski er þekkt fyrir að mynda þéttar breiður á svæðum sem lengi hafa verið friðuð fyrir sauðfjárbæti, en þrílaufungur og reyniviður finnast oft í birkiskógum án tillits til beitar.



5. mynd. Kort yfir útbreiðslu ferlaufungs á Miðnorðurlandi. Hver punktur stendur fyrir einn fundarstað, og er venjulega mjög litið af honum á hverju svæði. Grunnkort: Landmælingar Íslands.

Af þeim tegundum sem skráðar voru, eru fjórar sem hafa náttúruverndargildi 5 eða hærri samkvæmt 1. töflu. Hæst ber þar ferlaufung, sem fengið hefur verndargildi 7. Hann er á válista og flokkast þar undir tegundir sem eru í nokkurri hættu, og er auk þess friðlýstur samkvæmt náttúruverndarlögum. Hann fannst í tveim sprungum í Helley, en það var annar þeirra hólma sem farið var út í. Þrjár plöntur af ferlaufungi fundust með nokkru millibili í sprungu sem liggur eftir endilöngum hólmanum að vestanverðu, en allmargar plöntur á nokkuð samfelldu svæði í sprungu sem fylgir austurbakka hólmanum. Í sprungum vestan og austan Laxár fannst hvergi ferlaufungur. Ferlaufungur hefur áður fundist í tveim hólum í Laxá, Neshólma í Aðaldal og Skipalagshólma ofarlega í Laxárdal í landi Hofsstæða. Auk þess er vitað um hann á einum stað í Mýrarselshrauni í Aðaldal og einnig í Slútnesi og Stórugjá í Mývatnssveit. Einnig finnst hann á einstökum stöðum í skóglendi, svo sem í Skarðsskógi, Hálsskógi, Hlíðskógum og Narfastaðaskógi. Hvarvetna er mjög litið af honum í þessum skógum. Á landsvísi er ferlaufungur þekktur á um 50-60 fundarstöðum sem eru dreifðir um Vesturland og í Þingeyjarsýslu. Á öllum stöðunum er hann sjaldgæfur og vex aðeins á litlum blettum.

Dílaburkni hefur verndargildi 6 og er ekki á válista. Hann fannst aðeins í einnig sprungu ofarlega á austurbakka Laxár í grennd við Hólana. Ekki sást þar nema einn myndarlegur brúskur af burknanum. Dílaburkni er nokkuð algengur á Vestfjörðum, en kemur einnig fyrir á Snæfellsnesi og nokkrum stöðum á Reykjanesskaga. Á norðurlandi er hann mjög sjaldgæfur. Næst Laxá er hann fundinn á örfáum stöðum í Aðaldalshrauni, í hrauninu við Geirastæði og Haganes við Mývatn, og í Stórugjá við Reykjahlíð. Ekki er kunnugt um að hann hafi áður fundist í Laxárdal.



6. mynd. Kort yfir útbreiðslu dílalburkna á miðju Norðurlandi. Útbreiðslan fylgir Laxárhrauni yngra, og er jundarstaðurinn í Laxárdal mitt á milli fundarstaða í Aðaldalshrauni og við Mývatn.

Grunnkort: Landmælingar Íslands.

Tvær tegundir sem fundust á svæðinu hafa verndargildi 5, og eru þær mun algengari en ferlaufungur og dílalburkni. Þetta eru aronsvöndur og skrautpuntur. Skrautpuntur er nokkuð dreifður um landið, þó algengari á norðurlandi en suðurlandi. Hann finnst einkum á svæðum sem hafa verið hóflega eða lítið beitt, t.d. oft í hólum og hraunsprungum, en einnig á nokkrum stöðum í útsveitum við Eyjafjörð og á Norðausturlandi. Aronsvöndur er einkum þekktur fyrir að vera algengur í Mývatnssveit, sem byggist að verulegu leyti á mikilli fræframleiðslu í eyjum í Mývatni og berast fræin hvarvetna þaðan að ströndum Mývatns og niður með Laxá. Annars staðar finnst hann einkum í klettabeltum og gljúfrum, oft við hreiðurstaði hrafna og fálka. Haustbrúða sem hefur verndargildi 7 fannst ekki á rannsóknasvæðinu, en vitað er að hún finnst á nokkrum stöðum ofar og neðar við Laxá.

6 SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR

Sérstaða Laxárdals, og um leið sérstaða gróðurs í honum, byggist að verulegu leyti á því að Laxárhraun yngra hefur runnið niður dalinn samhliða hinni vatnsmiklu á fyrir rúmum 2000 árum og mótað landslag hans. Hraungarðar meðfram ánni báðum megin setja svip sinn á landið, og einnig á gróðurinn. Graslendi tekur við af hrauninu meðfram hliðarrótunum, og síðan grónar brekkur sem eru með birkikjarri að hluta að austanverðu.

Dílalburkni, sem er afar sjaldgæfur á Norðurlandi, kemur fyrir í hrauninu á einum stað í lón-

stæðinu, en þeir örfáu fundarstaðir sem þekktir eru á Norðurlandi fylgja Laxárhrauninu frá Geirastöðum og Haganesi í Mývatnssveit, niður í Aðaldalshraun.

Mest náttúruverndargildi hefur þó gróðurinn í hólum Laxár, sem einnig hefur lengi verið beitarfriðaður. Ferlaufungur, sem er friðaður og á válista, fannst í sprungum í einum þeirra 7 hólma sem skoðaðir voru og fara munu á kaf í vatn ef Laxárstífla verður hækkuð svo sem hér er fjallað um. Ýmsar aðrar fremur fágætar plöntur vaxa í hólmunum, sem ekki eru friðaðar né á válista.

Heimildir eru um rúmlega 100 eyjar, hólma og sker meðfram Laxá frá Brúum upp í Hofstaði, og hraungarðarnir fylgja ánni upp allan dalinn. Líklegt er að sambærilegur gróður finnist í fleiri hólum ofar í Laxárdal, en um það er lítið vitað. Æskilegt hefði verið að meiri upplýsingar lægju fyrir um gróður í hólum ofar í Laxá. Þannig mætti fá betri yfirsýn yfir stöðu þessara sjö hólma í samanburði við aðra hólma Laxár. Vitað er að ferlaufungur vex í Skipalagshólma við Hofstaði efst í Laxárdal, og í Neshólma niðri í Aðaldal. Í öðrum hólum er ekki vitað um hann, en aðeins fáir hólmanna hafa verið skoðaðir.

6 ÞAKKARORÐ

Ég við þakka Jóni Gauta Jónssyni fyrir að fá að skoða skrá Jóns Sigurgeirssonar frá Helluvaði yfir alla hólma í Laxá, og Gunnsteini Sæþórssyni í Presthvammi fyrir upplýsingar um nöfn hólma í landi jarðarinnar.

7 HEIMILDIR

Helgi Hallgrímsson 1965. Hofstaðaferð 17. júlí 1965. Handrit nr. 998163, bókasafn Náttúrufræðistofnunar Íslands, Akureyri.

Helgi Hallgrímsson 1972. Gróður á „lónstæðinu“ í Laxárdal. Týli 2: 75—77.

Helgi Hallgrímsson, Jón Ólafsson og Pétur M. Jónasson 1972. Um takmarkaða vatnsborðshækkun í Laxá í S.-Þing. ofan Brúa. Handrit fjölritað í fáum eintökum, 28 bls. auk 7 korta- og myndasíðna.

Helgi Jónasson 1932. Flóra Aðaldals, Laxárdals og Reykjadals. Handrit varðveitt á Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyri, 26 bls.

Helgi Jónasson 1966. Flóra og gróður í Aðaldal. Flóra 4: 19—36.

Helgi Jónasson 1977. Gróður í Suður-Þingeyjarsýslu milli Laxár og Skjálfandafljóts. Árbók Þingeyinga 20: 52—76.

Jón Sigurgeirsson 1937. Skýrsla um Laxárhólma. Handrit í varðveislu erfmgja Jóns Sigurgeirssonar frá Helluvaði.

VIÐAUKI. 1. Tafla. Skrá yfir blómplöntur og byrkninga á rannsóknasvæðinu.

Skýringar	Tákn
Finnst víðast hvar - yfirleitt í miklum mæli	■ ■ ■ ■ ■
Finnst víðast hvar - yfirleitt í nokkrum mæli	■ ■ ■ ■
Finnst víðast hvar - yfirleitt í litlum mæli	■ ■ ■
Finnst nokkuð víða - yfirleitt í miklum mæli	■ ■ ■ ■
Finnst nokkuð víða - yfirleitt í nokkrum mæli	■ ■ ■
Finnst nokkuð víða - yfirleitt í litlum mæli	■ ■
Fáir fundarstaðir - yfirleitt í miklum mæli	■ ■ ■
Fáir fundarstaðir - yfirleitt í nokkrum mæli	■ ■
Fáir fundarstaðir - yfirleitt í litlum mæli	■

N: Náttúruverndargildi metið í tölum frá einum upp í tíu. 1: Vestan Laxár, neðri hluti. 2: Vestan Laxár, efri hluti.
3: Hólmur Laxár. 4: Austan Laxár, neðri hluti. 5: Austan Laxár, efri hluti.

Íslenskt heiti	Latneskt heiti	N	Algengni á landsvísi	Algengni á svæðisvísi	1	2	3	4	5
A'albláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■	x	x	x	x	x
Aronsvöndur	<i>Erysimum hieracifolium</i>	5	■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■			x		
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■		x	x		
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■	x	x	x	x	x
Barnarót	<i>Coeloglossum viride</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■			x	x	
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■	x	x		x	x
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■	x	x	x	x	x
Belgjastör	<i>Carex panicea</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■				x	x
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■	x	x	x	x	x
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■	x		x	x	x
Blákolla	<i>Prunella vulgaris</i>	3	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■				x	x
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■	x	x	x	x	x
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■	x	x	x	x	x
Blóðberg	<i>Thymus praecox ssp. arcticus</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■	x	x	x	x	x
Blómsef	<i>Juncus triglumis</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■		x		x	
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■	x	x	x	x	x
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■	x	x	x	x	x
Bugðupuntur	<i>Deschampsia flexuosa</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■	x	x	x	x	x
Burnirót	<i>Rhodiola rosea</i>	2	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■				x	
Dilaburkni	<i>Dryopteris expansa</i>	6	■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■		x			
Dvergstör	<i>Carex glacialis</i>	4	■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■	x		x		
Dýragras	<i>Gentiana nivalis</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■	x	x	x	x	
Dökkhæra	<i>Luzula sudetica</i>	2	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■	x				
Einir	<i>Juniperus communis</i>	2	■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■	x	x	x	x	x
Engjarós	<i>Potentilla palustris</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■		x			x
Eski	<i>Equisetum hyemale</i>	2	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■			x		
Ferlaufungur	<i>Paris quadrifolia</i>	7	■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■			x		
Finnungur	<i>Nardus stricta</i>	2	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■				x	x
Fitjaskúfur	<i>Eleocharis quinqueflora</i>	2	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■				x	x
Fjalladepla	<i>Veronica alpina</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■	x				
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■	x	x		x	x
Fjallastör	<i>Carex norvegica</i>	2	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■		x			
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■	x	x	x	x	x
Fjallaviðir	<i>Salix arctica</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■	x	x	x	x	
Fjalldalafífill	<i>Geum rivale</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■	x	x	x	x	x
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■	x	x	x	x	x
Flagahnoðri	<i>Sedum villosum</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■	x	x		x	x
Flagasef	<i>Juncus biglumis</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■		x			
Flagasóley	<i>Ranunculus reptans</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■	x				x
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■	x	x	x		x
Geithvönn	<i>Angelica sylvestris</i>	2	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■	x	x	x	x	x

Íslenskt heiti	Latneskt heiti	N	Algengni á landsvísu	Algengni á svæðisvísu	1	2	3	4	5
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x			
Gleym-mér-ei	<i>Myosotis arvensis</i>	1	■■□□□	■■■■□□	x		x	x	x
Grasviðir	<i>Salix herbacea</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x		x	
Grávorblóm	<i>Draba incana</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x	x	x	
Grænvöndur	<i>Gentianella amarella</i>	2	■■■■□□	■■■■□□	x		x		
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x	x	x	x
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x	x	x	x
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x	x		
Hagavorblóm	<i>Draba norvegica</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x	x	x	x
Hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x	x	x	x
Hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x	x		x
Hárleggjastör	<i>Carex capillaris</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x		x	x
Heiðadúnurt	<i>Epilobium hornemanni</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x				x
Helluhnoðri	<i>Sedum acre</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x		x	x
Héluvorblóm	<i>Draba nivalis</i>	4	■■■	■■■■□□		x	x		
Hjónagrös	<i>Leucorchis albida</i>	2	■■■■□□	■■■■□□			x		
Hnappstör	<i>Carex capitata</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x			
Hnúskakrækili	<i>Sagina nodosa</i>	1	■■■■□□	■■■■□□		x			
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x	x	x	x
Holurt	<i>Silene uniflora</i>	1	■■■■□□	■■■■□□				x	
Hófsóley	<i>Caltha palustris</i>	1	■■■■□□	■■■■□□		x	x	x	
Hrafnafífa	<i>Eriophorum scheuchzeri</i>	1	■■■■□□	■■■■□□		x			
Hrafnaklukka	<i>Cardamine pratensis</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x	x	x	x
Hrafnastör	<i>Carex saxatilis</i>	1	■■■■□□	■■■■□□		x			
Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x		x	x
Hrútaberjalyng	<i>Rubus saxatilis</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x	x	x	x
Hvítmaðra	<i>Galium pumilum</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x	x	x	x
Hvítsmári	<i>Trifolium repens</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x	x	x	x
Ilmbjörk	<i>Betula pubescens</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x	x	x	x
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x	x	x	x
Ígulstör	<i>Carex echinata</i>	3	■■■	■■■				x	x
Íslandsfífill	<i>Hieracium 'islanicum'</i>	1	■■■■□□	■■■■□□			x		x
Jakobsfífill	<i>Erigeron boreale</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x	x	x	x
Jarðarberjalyng	<i>Fragaria vesca</i>	4	■■■	■■■			x		x
Kattarjurt	<i>Rorippa 'islantica'</i>	4	■■■	■■■	x				
Kjarrsveifgras	<i>Poa nemoralis</i>	1	■■■	■■■		x	x		x
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x	x	x	x
Klófífa	<i>Eriophorum angustifolium</i>	1	■■■■□□	■■■■□□		x		x	
Klukkublóm	<i>Pyrola minor</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x	x	x	x
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x	x	x	x
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x	x	x	x
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x	x	x	
Langkrækili	<i>Sagina saginoides</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x			
Laugasef	<i>Juncus articulatus</i>	2	■■■	■■■				x	
Lindadúnurt	<i>Epilobium alsinifolium</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x	x	x	x
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x	x	x	x
Ljósberi	<i>Lychnis alpina</i>	1	■■■■□□	■■■■□□		x	x		
Loðvíðir	<i>Salix lanata</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x	x	x	x
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x	x	x	x
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x	x	x	
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x	x	x	x
Lækjalepla	<i>Veronica serpyllifolia</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x		x	x
Lækjagryta	<i>Montia fontana</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x		x	
Mar'ustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>	1	■■■■□□	■■■■□□	x	x	x	x	x

Íslenskt heiti	Latneskt heiti	N	Algengni á landsvísu	Algengni á svæðisvísu	1	2	3	4	5
Melablóm	<i>Arabis petraea</i>	1	■■■■	■■■■					x
Melanóra	<i>Minuartia rubella</i>	1	■■■■	■■■■	x	x	x	x	
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>	1	■■■■	■■■■	x	x	x	x	x
Mosasteinbrjótur	<i>Saxifraga hypnoides</i>	1	■■■■	■■■■	x	x			
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>	1	■■■■	■■■■	x	x	x	x	x
Móastör	<i>Carex rupestris</i>	3	■■■■	■■■■	x	x	x	x	x
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>	1	■■■■	■■■■	x	x	x	x	x
Mýradúnurt	<i>Epilobium palustre</i>	1	■■■■	■■■■		x	x	x	x
Mýrasauðlaukur	<i>Triglochin palustre</i>	1	■■■■	■■■■		x			
Mýrasef	<i>Juncus alpinoarticulatus</i>	1	■■■■	■■■■		x		x	x
Mýrasóley	<i>Parnassia palustris</i>	1	■■■■	■■■■	x	x	x	x	x
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>	1	■■■■	■■■■	x	x	x	x	x
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>	1	■■■■	■■■■	x	x			
Mýrfjóra	<i>Viola palustris</i>	1	■■■■	■■■■	x	x		x	
Naflagras	<i>Koenigia 'slanica</i>	1	■■■■	■■■■		x			
Ólafssúra	<i>Oxyria digyna</i>	1	■■■■	■■■■	x	x	x		
Reyniviður	<i>Sorbus aucuparia</i>	3	■■■	■■■			x		
Reyrgresi	<i>Hierochloë odorata</i>	1	■■■■	■■■■	x		x		x
Sauðamergur	<i>Loiseleuria procumbens</i>	2	■■■■	■■■■	x			x	
Skammkrækili	<i>Sagina procumbens</i>	1	■■■■	■■■■	x	x	x	x	x
Skariffill	<i>Leontodon autumnale</i>	1	■■■■	■■■■	x	x	x	x	x
Skeggsandi	<i>Arenaria norvegica</i>	1	■■■■	■■■■	x	x	x		x
Skjaldburkni	<i>Polystichum lonchitis</i>	3	■■■	■■■				x	
Skrautpundur	<i>Milium effusum</i>	5	■■■	■■■			x		
Skriðlingresi	<i>Agrostis stolonifera</i>	1	■■■■	■■■■	x	x	x	x	x
Skriðnablóm	<i>Arabis alpina</i>	1	■■■■	■■■■	x				
Slíðrastör	<i>Carex vaginata</i>	1	■■■■	■■■■			x	x	x
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>	1	■■■■	■■■■	x	x	x	x	x
Snarrórtarpundur	<i>Deschampsia caespitosa</i>	1	■■■■	■■■■	x	x	x	x	x
Snæsteinbrjótur	<i>Saxifraga nivalis</i>	1	■■■■	■■■■	x	x	x		x
Sortulyng	<i>Arctostaphylos uva-ursi</i>	1	■■■■	■■■■	x	x	x	x	x
Sótstör	<i>Carex atrata</i>	2	■■■	■■■	x	x	x	x	
Steindepla	<i>Veronica fruticans</i>	1	■■■■	■■■■	x	x	x	x	x
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>	1	■■■■	■■■■	x	x	x	x	x
Stjörnuarfi	<i>Stellaria crassifolia</i>	2	■■■■	■■■■					x
Stjörnusteinbrjótur	<i>Saxifraga stellaris</i>	1	■■■■	■■■■	x	x			
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>	1	■■■■	■■■■	x	x			x
Tágamura	<i>Potentilla anserina</i>	1	■■■■	■■■■	x				
Tjarnastör	<i>Carex rostrata</i>	1	■■■■	■■■■	x	x			
Tófugras	<i>Cystopteris fragilis</i>	1	■■■■	■■■■	x	x	x	x	x
Trefjasóley	<i>Ranunculus hyperboreus</i>	2	■■■■	■■■■				x	
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>	1	■■■■	■■■■	x	x		x	
Túnfífill	<i>Taraxacum spp.</i>	1	■■■■	■■■■	x	x	x	x	x
Tünsúra	<i>Rumex acetosa</i>	1	■■■■	■■■■	x	x	x	x	x
Túnvingull	<i>Festuca richardsonii</i>	1	■■■■	■■■■	x	x	x	x	x
Týsfjóra	<i>Viola canina</i>	1	■■■■	■■■■			x	x	x
Týttullngresi	<i>Agrostis vinealis</i>	1	■■■■	■■■■	x	x	x	x	x
Undaffill	<i>Hieracium spp.</i>	1	■■■■	■■■■	x	x	x	x	x
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>	1	■■■■	■■■■	x	x	x	x	x
Vallelfting	<i>Equisetum pratense</i>	1	■■■■	■■■■	x	x	x		x
Vallhumall	<i>Achillea millefolium</i>	1	■■■■	■■■■	x	x	x	x	x
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>	1	■■■■	■■■■	x	x	x	x	x
Varpasveifgras	<i>Poa annua</i>	1	■■■■	■■■■					x
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>	1	■■■■	■■■■	x	x	x	x	x
Vetrarsteinbrjótur	<i>Saxifraga oppositifolia</i>	1	■■■■	■■■■	x				

Vorbrúða	<i>Callitriche palustris</i>	1	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■	X					
Vorperla	<i>Erophila verna</i>	3	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■	X	X				
Þráðnykra	<i>Potamogeton filiformis</i>	1	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■	X	X				
Þráðsef	<i>Juncus filiformis</i>	2	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■	X	X			X	X
Þrillaufungur	<i>Gymnocarpium dryopteris</i>	2	■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■				X		
Þursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>	1	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■	X	X	X	X	X	X
Þúfusteinbrjótur	<i>Saxifraga caespitosa</i>	1	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■	X	X	X	X	X	X
Ætíhvönn	<i>Angelica archangelica</i>	1	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■	X	X	X	X	X	X